

Leiðari fyrir hestaíþóttadómara (FIPO 2010)



FEIF – International Federation of Icelandic Horse Associations
www.feif.org

LH - Landssamband hestamannafélaga
www.lhhestar.is

Efnisyfirlit

Tölt – hægt tölt.....	3
Tölt - hraðabreytingar	6
Tölt – Greitt tölt.....	9
Tölt – hægt til milliferð eða frjáls hraði.....	12
Tölt – báðir taumar í annari hendi, ekkert	15
Fet.....	18
Brokk.....	21
Stökk.....	24
Skeið (hringvöllur)	27
Gæðingaskeið: Niðurtaka, 0 - 50 m (Dómari 1).....	31
Gæðingaskeið: Tímakaflí á skeiði, 50 - 150 m (Dómarar 2 og 3).....	34
Gæðingaskeið: Niðrhæging, 150 - 200 m.....	36
Áseta og stjórnun	38
Farið upp á kerru / Útreiðar / Hestur í taumi.....	39
Sérstakur fjórgangur (V4)	40
Gangskiptingar í sérstökum fjórgangi (V4).....	42
Hagnýt atriði.....	43
Bannlisti FIPO – 1.4.2011.....	49

Tölt – hægt tölt

Almennt - Lýsing

Farið er fram á jafnan fjórtakt án svifs, 1 eða 2 fætur á jörðu á hverjum tíma. Tilfinningin á að vera sú að hesturinn geti gengið á 10 metra hring á þessum hraða. Í T2 þarf ekki að riða alveg eins hægt og í T1. Ávallt er tekið tillit til reiðmennsku og ábendinga.

Frádráttur

Draga má 0,5 – 2 af einkunn fyrir:

- Rangan hraða
- Ranga gangtegund (t.d. þrístuðning sem er í raun fetgangur)
- Slæma reiðmennsku (t.d. slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn.
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn.
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn.

Draga má 0,5 fyrir:

- Hestur dettur í brokk við að hægja niður á fet

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið.

Ef sýnt er minna en sem svarar einni langhlið, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Hækka má einkunn um 0,5 fyrir góða reiðmennsku og vel útfærða sýningu.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Fullkominn taktur, hraði og útfærsla, ásamt útgeislun og fegurð

- Hesturinn hefur fulla virkni/burð í afturhluta
- Framhluti hestsins lyftist upp og bóghreyfingar eru frjálssar
- Háar, stórstígar framfótahreyfingar
- Hesturinn ber sig af stolti og höfuðburðurinn er glæsilegur
- Sýningin er kraftmikil og flæðandi

8 og 8.5

Réttur hraði, taktur og burður/form, útgeislun

- Vel útfærð og glæsileg sýning, ákveðin framganga, háreistur með góða hnakkabeygju
- Mjög háar, stórstígar framfótahreyfingar, gott flæði, mikil orka, virkni/burður í afturhluta, glæsilegur burður/form
- Háar framfótahreyfingar með löngum skrefum. Hesturinn ber sig af stolti og er með glæsilegan höfuðburð. Virkni/burður í afturhluta er í meðallagi

Góð sýning

7 og 7.5

Réttur hraði, taktur og burður/form

- Meðal fótaborður og lengd skrefa, góður burður/form og töltið kraftmikið
- Mjög háar framfótahreyfingar, löng skref með minniháttar göllum í burði/formi
- Verulega háar framfótahreyfingar, löng skref með fáum greinilegum göllum (burður/form og/eða hreyfingar)
- Mjög góður burður/form, hreyfingar og lengd skrefa, en spennu gætir í baki
- Mjög góður burður/form og hreyfingar, en hesturinn er örlítið stuttstígur að aftan

Meðal sýning

6 og 6.5

- Taktur í lagi, meðal fótaborður og lengd skrefa, ásættanlegur burður/form
- Taktur í lagi, tæplega meðal hreyfingar og lengd skrefa, mikill kraftur, mjög góður burður/form
- Góðar hreyfingar með minni háttar göllum í burði/formi
- Mjög hár fótaborður og löng skref en greinilegir gallar af og til (taktur og/eða burður/form)
- Hreinn taktur, góður fótaborður og löng skref en stífur í baki
- Hár fótaborður og löng skref að framan en er greinilega of stuttstígur að aftan

5 og 5.5

- Nokkuð jafn taktur, án stöðugra galla
- Engir stöðugir meiriháttar gallar í burði/formi
- Hreinn taktur, fótaborður og skreflengd eru í tæpu meðallagi, reiðmennska viðunandi
- Góðar hreyfingar en greinilegir gallar í takti, burði/formi og hraða
- Að mestu hreinn taktur, hár fótaborður með löngum skrefum en spennu eða lítur út fyrir að vera skeiðborið
- Lítillega klárengt en með mjög góðum fótaborði

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Ítrekaðir minniháttar gallar eða greinilegir taktgallar (skeiðbundinn, klárgengur eða upp á fótinn) en heildarsvipur nokkuð góður
- Hreinn taktur, meðal fótaborður og lengd skrefa en slæmur heildarsvipur
- Hreinn taktur, mjög lágar eða stuttar hreyfingar, engir gallar í burði/formi
- Af og til stórir gallar (í takti, burði/formi, hraða) ásamt meðalfótaborði og skreflengd

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Sífelldir slæmir taktgallar svo sem klárgengur taktur, upp á fótinn, ójafn taktur eða skeiðbundinn
- Fer of hratt (meðalhraði)
- Jafn taktur en margir slæmir gallar (t.d. ganandi eða tekur gróflega á móti beisli)
- Vantar mikið upp á samspil knapa og hests
- Gróf reiðmennska (gult spjald)
- Verulega undir bita

0

Atriði ekki framkvæmt

- Ekkert tölt
- Yfirferðartölt

Tölt - hraðabreytingar

Almennt - Lýsing

Á skammhliðum og í beygjum skal sýna hægt tölt; á langhliðum skal sýna meiri hraða með greinilega lengdu skrefi. Hraðabreytingarnar skulu taka sem minnst svæði á vellinum og vera vel útfærðar og átakalausar. Á langhliðum má hesturinn teygja á sér eftir því sem hraðinn eykst.

Ávallt er tekið tillit til reiðmennsku og ábendinga.

Farið er fram á jafnan fjórtakt án svifs, 1 eða 2 fætur á jörðinni samtímis á hverjum tíma.

Frádráttur

Draga má 0,5-2,0 frá fyrir:

- Hraðabreytingar framkvæmdar of snemma eða of seint
- Hæga töltið er of hratt
- Slæma reiðmennsku (t.d. slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Ef sýnt er minna en sem svarar einni langhlið, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Hækka má einkunn um 0,5 fyrir góða reiðmennsku og vel útfærða sýningu.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Fullkomin taktur, hraði og útfærsla, ásamt útgeislun og fegurð.

- Hægt tölt – hár fótaborður með löngum skrefum, mjúk, flæðandi og krafmikil sýning
- Greitt tölt – mikill hraði og hestur eykur skreflengd greinilega, án þess að tapa heildarsvip á langhliðum
- Hraðabreytingarnar eru átakalausar, framkvæmdar af mýkt og eru snarpar

8 og 8.5

Réttur hraði, taktur og burður/form

- Hraðabreytingar nánast gallalausar; mjög gott hægt tölt á skammhliðum og frábær hraðaaukning á langhliðum; hestur viðheldur burði/formi
- Frábærar hraðabreytingar með háum fótaborði og góðri skreflengd, en getur vantað upp á flæði í einstaka niðurbætur eða hraðaaukningu

Góð sýning

7 og 7.5

Hreinn taktur

- Góður greinarmunur gerður á hraða, frá hægu upp í a.m.k. milliferð. Meðal fótaborður og skreflengd; vel útfærð sýning
- Mjög góður greinarmunur gerður á hraða, meðal fótaborður og skreflengd; skýrar hraðabreytingar
- Mjög góður greinarmunur gerður á hraða, góður fótaborður og skreflengd, smávægilegir gallar í hraðabreytingum (t.d. fellur á framhluta í niðurbætur)

Meðalsýning

6 og 6.5

- Viðunandi taktur, greinilegur hraðamunur (frá hægu upp í a.m.k. milliferð), meðal fótaborður og skreflengd, greinilegar hraðabreytingar
- Góður taktur, mjög góðar hraðabreytingar en skrefstutt eða fótaborður lágur
- Viðunandi taktur, greinilegur hraðamunur, góður fótaborður og skreflengd en einstaka gallar í niðurbætur eða upphróðun
- Einhverjir gallar í takti og burði/formi í hraðabreytingum (t.d. fellur á framhluta), en mjög góðar hraðabreytingar, með góðum fótaborði og skreflengd

5 og 5.5

- Litlir eða stakir taktgallar, hraðamunur vel sjáanlegur, meðal fótaborður og skreflengd.
- Viðunandi taktur, hraðamunur vel sjáanlegur, en töltið stuttstígt og/eða fótaborður lágur
- Viðunandi taktur, hraðamunur vel sjáanlegur, gallar í hraðabreytingum, meðal fótaborður og skreflengd
- Góður taktur og hraðamunur í meðallagi. Vel riðið
- Greinilegir gallar á takti og eða burði/formi í hraðabreytingum; góður hraðamunur, fótaborður og skreflengd
- Viðunandi taktur og hraðabreytingar; en hæga töltið eilítið of hratt

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Ítrekaðir lítilsháttar taktgallar eða tíðir og alvarlegri taktgallar
- Taktur yfirleitt í lagi en lítil skil gerð á hraða í upphröðun og niðurbægingu
- Taktur yfirleitt í lagi; meðal hraðabreytingar; áberandi taktgallar og/eða gallar í burði/formi í hraðabreytingum
- Taktur yfirleitt í lagi; hæga töltið greinilega of hratt á skammhliðum

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Sífelldir taktgallar, töltið stöðugt skeiðborið eða klárgengt, upp á fót eða mjög ójafnt.
- Varla greinanlegur hraðamunur
- Meiriháttar gallar í hraðabreytingum s.s. stökk, brokk, skeið eða víxl
- Hraðabreytingar og taktur í lagi en áberandi gallar í burði/formi og vantar mikið upp á samspil knapa og hests.
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Æfing ekki framkvæmd

- Ekkert tölt
- Engar hraðabreytingar

Tölt – Greitt tölt

Almennt - Lýsing

Greitt tölt eða yfirferð er riðin á miklum hraða. Hesturinn skal taka stór skref og heildarmyndin skal vera falleg. Einnig skal tekið tillit til reiðmennsku og ábendinga.

Frádráttur

Draga má 0,5-2,0 frá fyrir

- Greitt tölt einungis sýnt sem svarar einni langhlið
- Slæm reiðmennska (t.d. slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 0.5 frá fyrir:

- Gangskipting ekki framkvæmd á miðri skammhlið

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Ef minna en sem svarar einni langhlið er sýnt, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Hækka má einkunn um 0,5 fyrir jafna og góða ferð, sem og fyrir góða reiðmennsku og vel útfærða sýningu.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Taktur algerlega gallalaus.

- Mjög mikill hraði, algerlega öruggt og jafnt; skreflangt, fótaborður hár; lipur, flæðandi og kraftmikil sýning án áreynslu

8 og 8.5

Réttur taktur.

- Mjög hratt og öruggt, með góðum en ekki frábærum fótaborði og skreflengd; meðal burður/form, góð reiðmennska
- Góður hraði, hár fótaborður með löngum skrefum, góður burður/form, lipur og vel útfærð sýning, góð reiðmennska
- Góður hraði, glæsilegar háar framfótahreyfingar og góð skreflengd. Tilkomumikið en ekki alltaf alveg jafnt

Góð sýning

7 og 7.5

- Hreinn taktur, góður hraði, meðal fótaborður og skreflengd, fínn burður/form. Góð reiðmennska
- Góð yfirferð með löngum skrefum, en einstaka galli í takti og burði/formi
- Hreinn taktur, nægur hraði með góðum, háum fótaborði og góðri skreflengd, fínn burður/form

Meðalsýning

6 og 6.5

- Hreinn taktur, ásættanlegur hraði, meðal fótaborður og skreflengd, fínn burður/form
- Einstaka gallar í takti og burði/formi, góður hraði, hár fótaborður og góð skreflengd
- Hreinn taktur, mjög hratt og öruggt en ekki miklar hreyfingar.
- Hreinn taktur, rétt ásættanlegur hraði, hár fótaborður og góð skreflengd
- Mjög mikill hraði, meðal eða góður fótaborður og skreflengd en einstaka greinilegur galli

5 og 5.5

- Almennt hreinn taktur, að minnsta kosti milliferð, meðal hreyfingar og skreflengd, ásættanlegur burður/form
- Einstaka gallar í takti (örlítið bundinn, klárgengur eða upp á fótinn), hár fótaborður og góð skreflengd en nær rétt rúmri milliferð
- Hreinn taktur, góður hraði, en hreyfingar ekki miklar og stuttstígt
- Hreinn taktur, nær rétt rúmri milliferð, hár fótaborður og góð skreflengd en minniháttar gallar í burði/formi
- Einstaka gallar í takti og burði/formi, góður hraði, fótaborður og skreflengd

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Ítrekaðir eða tíðir taktgallar á ásættanlegum hraða
- Hreinn taktur en tæplega meðalhraði
- Taktur meira eða minna í lagi, hraði ásættanlegur en ljótur burður/form
- Hraði rétt ásættanlegur, lágur fótaturður og stuttstígt
- Hraði rétt ásættanlegur, stífni/spenna
- Hraði rétt ásættanlegur, fótaturður góður en margir gallar (í takti eða burði/formi)

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Sífelldir meiriháttar taktgallar (s.s. klárgengur, bundinn, upp á fótinn)
- Hreinn taktur en of hægt
- Meira og minna hreinn taktur, hraði ásættanlegur en mjög slæmur burður/form
- Hraði nægilegur en margir taktgallar
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Æfing ekki framkvæmd.

- Ekkert tölt
- Hægt tölt

Tölt – hægt til milliferð eða frjáls hraði

Þessa lýsingu skal nota fyrir F1 sem og T2 og sambærilegar greinar

Almennt - Lýsing

Í F1 er beðið um hægt til milliferðar tölt. Í T2 er mikilvægt að hver sá hraði sem valinn er, sé dæmdur á sama grundvelli. Einnig er tekið tillit til reiðmennsku og ábendinga.

Frádráttur

Draga má 0,5 til 2 frá fyrir:

- Rangan hraða (F1)
- Slæma reiðmennsku (t.d. slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Ef minna en sem svarar einni langhlið er sýnt, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Hækka má einkunn um 0,5 fyrir góða reiðmennsku og vel útfærða og glæsilega sýningu.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Taktur gallalaus.

- Háar, miklar og mjúkar hreyfingar, góð skreflengd ásamt góðum burði/virkni í afturhluta, áreynslulaust og kraftmikið. Stolt framganga og glæsilegur burður/form

8 og 8.5

Góður taktur.

- Mjög góður, hár fótaborður ásamt góðri skreflengd, áreynslulaust og kraftmikið, afturhluti vel virkur, fallegur og glæsilegur burður/form.
- Mjög hár fótaborður með löngum skrefum, kraftmikið, meðal burður/virkni í afturhluta, glæsilegur burður/form.

Góð sýning

7 og 7.5

Hreinn taktur.

- Meðal fótaborður og skreflengd, kraftmikið, mjög góður burður/form
- Mjög góður, hár fótaborður, löng skref, með lítilsháttar göllum í burði/formi
- Áhrifamikill, hár fótaborður með löngum skrefum, með einstaka göllum á formi og takti
- Mjög góður fótaborður og skreflengd; mjög góður burður/form. Hreinn taktur en spennu gætir í baki
- Mjög góður fótaborður og skreflengd; mjög góður burður/form. Örlítið stuttstígur að aftan

Meðalsýning

6 og 6.5

- Hreinn taktur, meðal fótaborður og skreflengd, ásættanlegur burður/form
- Hreinn taktur, tæplega meðal fótaborður og skreflengd, mikill kraftur, mjög góður burður/form
- Hreinn taktur, góður fótaborður og skreflengd en örlitlir gallar í burði/formi
- Mjög góður fótaborður og skreflengd, en einstaka greinilegir gallar (taktur og/eða burður/form)
- Hreinn taktur, góður fótaborður og skreflengd, en stífur í baki
- Hreinn taktur, góður fótaborður og skreflengd, en greinilega of stuttstígur að aftan

5 og 5.5

- Taktur meira og minna hreinn og án stöðugra eða stórra galla í burði/formi
- Hreinn taktur en fótaborður og skreflengd í tæpu meðallagi, fín reiðmennska
- Góður fótaborður og skreflengd, en með einhverjum greinilegum göllum (svo sem í takti eða burði/formi)
- Almenn taktur, hár fótaborður og góð skreflengd en spennur/stirður og lítur út fyrir að vera bundinn
- Stöðug tilhneiging til að leita í klárgengni en með góðum fótaborði og skreflengd

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Ítrekaðir smávægilegir gallar (s.s. skeiðborið, klárgengt, upp á fótinn) ásamt ásættanlegum burði/formi
- Hreinn taktur, meðal fótaborður og skreflengd en slæmur burður/form
- Hreinn taktur, mjög lítill fótaborður og stuttstígt, ásættanlegur burður/form
- Meðalfótaborður og skreflengd með einstaka stórum göllum (taktur eða burður/form)

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Sífelldir taktgallar (klárgengt, upp á fótinn, víxlað, skeiðborið)
- Meira og minna hreinn taktur en meiriháttar gallar og greinileg óhlýðni (s.s. upp úr beisli eða tekur mjög á móti beisli)
- Vantar mikið upp á samspil manns og hests
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Sýning fer ekki fram.

- Ekkert tölt

Tölt – báðir taumar í annari hendi, ekkert taumsamband við munn hestsins, hægt til milliferðar tölt

Almennt

Í þessum hluta sýningarinnar skal sýna eðlilega hreyfingu töltsins án nokkurs taumstuðnings frá knapa. Hesturinn skal vera í jafnvægi og hafa eðlilegan burð/form. Til að fá hæstu einkunn skal taumurinn vera fullkomlega slakur þannig að lykkja hangi niður á taumnum á milli knapa og munnvikja hestsins.

Fullkomin sýning væri hestur sem gengur kröftuglega, með mikla útgeislun og mjúkar, háar hreyfingar með löngum skrefum, án þess að þurfa á stuðningi að halda frá knapa. Það á að líta út fyrir að það sé gaman að ríða þessum hesti.

Áhersla í dómum skal vera bæði á það að ríða við lausan taum sem og gæði töltsins. Einkunn skal byggð á þeim tíma sem taumurinn er gefinn laus, hversu slakur hann er sem og gæði töltsins.

Lýsing

Knapinn getur valið hvaða hraða sem er á milli hægs tölts og milliferðar. Mikilvægt er að hraðinn sem valinn er, hafi ekki áhrif á dóminn.

Frádráttur

Draga má 0.5 til 2 frá fyrir:

- Rangan hraða
- Píski af og til beint að höfði hests
- Slæma reiðmennsku (slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Ef minna en sem svarar einni langhlið er sýnt, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Hækka má einkunn um 0,5 fyrir góða reiðmennsku og vel útfærða sýningu.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Taktur fullkominn. Taumur skal vera algerlega slakur

- Liprar, háar hreyfingar með löngum skrefum. Áreynslulaust en kraftmikið, stolt framganga og glæsilegur burður/form

8 og 8.5

Taumur nánast alltaf slakur. Hreinn taktur, jafn hraði

- Mjúkur, rúnnaður fótaborður, áreynslulaust en kraftmikið. Glæsilegur og eðlilegur burður/form, fáeinar fínar leiðréttingar mögulegar
- Hár fótaborður og góð skreflengd, kraftmikið, glæsilegur burður/form, einstaka fagaðar leiðréttingar mögulegar

Góð sýning

7 og 7.5

Taumur skal vera laus á löngum köflum (að minnsta kosti hálfan hring). Öruggur og jafn taktur og hraði.

- Meðalfótaborður, áreynslulausar hreyfingar, góður eðlilegur burður/form, nánast engar leiðréttingar alla sýninguna
- Mjög góður fótaborður og skreflengd, hestur heldur langur, smávægilegar leiðréttingar
- Frábær fótaborður og skreflengd, nokkrir greinilegir gallar

Meðalsýning

6 og 6.5

- Taktur yfirleitt hreinn og hraði meira og minna jafn, leiðréttingar fínlegar og snöggar
- Jafn taktur, meðal fótaborður og skreflengd, frekar kraftlítið, taumur laus mestallan tímann, smávægilegar leiðréttingar, hesturinn er lágreistur
- Hreinn taktur, meðal til góður fótaborður og skreflengd, kraftmikið, hesturinn ber sig enn eðlilega, leiðréttingar nauðsynlegar (um það bil á hverri langhlið)

5 og 5.5

- Taktur almennt hreinn, taumur slakur á lengri köflum (um það bil hálf langhlið á milli leiðréttinga)
- Hreinn taktur, mjög lágur fótaborður og stuttstígt, taumur nánast alltaf laus
- Góður fótaborður og skreflengd en nokkrir greinilegir gallar þegar riðið er við lausan taum, leiðréttingar þó snyrtilegar
- Almennt hreinn taktur, hár fótaborður með löngum skrefum, en spennt og skeiðborið að sjá, taumar lausir á lengri köflum.
- Meðal fótaborður og skreflengd, taumar lausir töluvert lengi í einu en hesturinn er lágreistur eða er of hraður, en auðveldur að leiðrétta

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Ítrekaðir en smávægilegir taktgallar (skeiðborið, klárgengt, upp á fótinn) með vel lausum taum
- Yfirleitt hreinn taktur en taumur aðeins af og til laus
- Yfirleitt hreinn taktur, mjög lágur hreyfingar og stutt skref, taumur laus mestallan tímann og leiðréttingar sjaldgæfar
- Yfirleitt hreinn taktur, meðlfótaborður og skreflengd en margar leiðréttingar
- Yfirleitt hreinn taktur, aðeins annar taumur laus og hinn oftast í sambandi

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Sífelldir taktgallar (klárgengt, skeiðborið, upp á fótinn)
- Of hratt
- Taktur oftast hreinn en taumar nánast aldrei slakir
- Hesturinn fer upp af töltinu þegar taumurinn er gefinn
- Vantar mikið upp á samspil manns og hests
- Aðeins stuttir kaflar með slökum taum og grófar leiðréttingar
- Þíski er ítrekað beint að höfði hestsins
- Hesturinn er langt undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Æfing ekki framkvæmd

- Ekkert tölt
- Stöðugt taumsamband eða taumar eru alltaf í báðum höndum

Fet

Almennt - Lýsing

Hið fullkomna fet er virk, kraftmikil gangtegund með löngum skrefum þar sem hesturinn fer yfir mikla jörð (t.d. stíkar stórum skrefum með kraftmiklum hreyfingum, við taum, áhrifamikið („VÁ! tilfinning“))

Ef við gefum okkur það að hesturinn hreyfi sig fallega er ekki nauðsynlegt að hann sé fullkomlega við taum. Hesturinn má ekki grúfa sig of mikið. Reiðmennska og ábendingar skulu einnig hafa áhrif á dóm.

Frádráttur

Draga má 0.5 til 2 frá fyrir:

- Slæma reiðmennsku (slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 0,5 frá fyrir:

- gangskipting fer ekki fram á miðri langhlið

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar **hálfri** langhlið

Ef minna en sem **svarar hálfri** langhlið er sýnt, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Hækkun

Fyrir vel útfærða, glæsilega sýningu (mjög falleg reiðmennska, hlýðinn hestur) má hækka einkunn um 0,5.

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Fullkominn taktur

- fetið stórstígt, kraftmikið með útgeislun, stígur vel yfir framfótarspor, heildarsvipur góður, fetið ákveðið, bóghreyfing frjáls, við taum

8 og 8.5

Hreinn taktur

- Kraftmikil hreyfing og bóghreyfing frjáls
- Stórstígt, stígur langt yfir framfótaspor, við taum og heildarsvipur er góður.
- Mjög stórstígt, kraftmikið, stígur vel yfir framfótaspor en formið heldur frjálst

Góð sýning

7 og 7.5

Hreinn taktur.

- Skreflengd í meðallagi, kraftmikið, við taum
- Stórstígt, kraftmikið en formið heldur frjálst
- Stórstígt en ekki nógu kraftmikið, taumsamband stöðugt

Meðalsýning

6 og 6.5

Hreinn taktur með a.m.k. meðalhreyfingum.

- Stikandi löng skref, hvílir greinilega í skrefinu en vantar kraft
- Gott fet, við taum en öðru hvoru ójafnt

5 og 5.5

Stígur í framfótaspor

- Lítilsháttar taktvandamál af og til
- Hreinn taktur en nær rétt framfótaspori með meðallöngum skrefum
- Flýtir sér lítilsháttar, meðalstór skref
- Hreinn taktur, skreflengd í meðallagi en vantar kraft
- Hreinn taktur en hesturinn er lágreistur eða formið er of frjálst

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Lítilsháttar taktvandamál (örlítið skeiðborið)
- Stuttstígt, dálítið klárgengt
- Flýtir sér
- Hægt og þungt / silalegt
- Taktur í lagi en formið er frjálst og hestur óeinbeittur, eða mjög lágreistur

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Klárgengt
- Nálægt skeiði, stíft
- Mjög hægt og þungt, silalegt
- Mjög stuttstígt að aftan
- Taumhaltur eða mjög ójafnt, sérstaklega þegar riðið er við taumsamband
- Vantar mikið upp á samspil manns og hests
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Ekki sýnt.

- Fet sýnt styttra en sem nemur hálfri langhlið

Brokk

Almennt

Til viðbótar gæðum gangtegundarinnar skal öryggi brokksins einnig dæmt. Reiðmennska og ábendingar skulu einnig teknar til dóms.

Frádráttur

Draga má 0.5 til 2 frá fyrir:

- Hestur stekkur upp af brokki (fer eftir vegalengd sem hesturinn er ekki á brokki)
- Slæma reiðmennsku (slæmt jafnvægi, hendur festar á hnakk)
- Grófar ábendingar (gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn

Draga má 0,5 frá fyrir:

- Gangskipting fer ekki fram á miðri langhlið

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Ef minna en sem **svarar** einni langhlið er sýnt, er ekki gefin einkunn fyrir atriðið.

Ef brokkið er einungis sýnt á stuttum köflum er ekki hægt að gefa meira en 3,5.

Hækkun

Fyrir vel útfærða, glæsilega sýningu (mjög falleg reiðmennska, hlýðinn hestur) má hækka einkunn um 0,5.

Samsláttur

Mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að átta sig á því af hverju samsláttur á sér stað.

- Sé hesturinn ekki mjög kraftmikill og einkunnir eru í kringum meðallag verður enginn frádráttur, þetta þýðir að sýningin er hvort sem er í meðallagi, án tillits til þess hvers vegna hesturinn slær saman
- Sé hesturinn spenntur (sést á munn, hálsi, baki og taglburði) skal gefa einkunn í lægri hluta skalans sem gefinn er upp fyrir það brokk sem sýnt er
- Brokki hesturinn frjállega og kraftmikið er ekki dregið af einkunn, þrátt fyrir samslátt

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Algerlega hreinn, jafn tvítaktur með góðu svifi.

- Mjög kraftmiklar og háar hreyfingar með mjög löngum skrefum, við taum, spyrnugott, kröftugt en áreynslulaust, fullkomin reiðmennska. „Vá tilfinning“

8 og 8.5

Hreinn taktur með góðu svifi

- Góður burður/form, rúmar, háar hreyfingar og löng skref, falleg reiðmennska.
- Mjög háar hreyfingar með löngum skrefum, en ekki alltaf jafnt
- Mjög gott jafnt brokk, við taum, reiðmennska óaðfinnanleg en vantar upp á glans eða útgeislun

Góð sýning

7 og 7.5

Hreinn taktur

- Góðar, háar og rúmar hreyfingar með löngum skrefum; góður burður/form en lítilsháttar jafnvægisvandamál (t.d. upp á fótinn í beygjum eða lítilsháttar fjórtaktur, þó með svifi)
- Við taum, fjaðrandi en lítið meira en meðalfótaborður og meðallengd skrefa.
- Hár fótaborður með löngum skrefum; frjálst form; öruggt brokk í góðum burði en vantar upp á fjöðrun

Meðalsýning

6 og 6.5

- Lítilsháttar fjórtaktur með svifi og háum, rúmum fótaborði
- Einstaka sinnum aðeins upp á fótinn ásamt góðum fótaborði og skreflengd
- Hreinn taktur, meðalfótaborður og skreflengd, við taum, góður burður/form
- Hreinn taktur, góður fótaborður og skreflengd en liggur á taum

5 og 5.5

- Lítilsháttar fjórtaktur og meðalfótaborður og skreflengd
- Af og til upp á fótinn með meðalfótaborði og skreflengd
- Ásættanlegur taktur, meðalfótaborður og skreflengd, frjálst form
- Hreinn taktur, stuttstígt; taumsamband
- Öruggt brokk en liggur á taum

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Greinilegur fjórtaktur, greinilega brotið brokk
- Stöðugt upp á fótinn
- Liggur á frampartinum, drattast áfram, mjög stuttstígt
- Meðalhreyfingar og skreflengd en óöruggt

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Taktur mjög óstöðugur (nálægt tölti)
- Fellur stöðugt af brokki
- Stöðugt og mikið upp á fótinn
- Mjög hratt kappreiðabrokk
- Vantar mikið upp á samspil manns og hests
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Gangtegund ekki sýnd.

- Brokk sýnt skemur en sem nemur einni langhlið

Stökk

Almennt

Markmiðið er þrítakta stökk með svifi. Reiðmennska og ábendingar knapa skulu einnig dæmdar. Taki hestur ytra stökk skal tekið tillit til þess. Leiðréttingar á rétt stökk eru dæmdar á eftirfarandi hátt:

Frádráttur

Draga má 0.5 til 2 frá fyrir:

- Hestur fer af stökki (fer eftir vegalengd sem hesturinn er ekki á stökki)
- Slæma reiðmennsku (t.d. taumatog eða jafnvægislaus, stíf áseta)
- Grófar ábendingar (gæti þýtt gult spjald)
- Hest sem er undir bita. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn. Með þennan galla getur hestur ekki fengið hærra en 7.5
- Hest sem greinilega gengur á fleiri en tveimur sporaslóðum. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega sveigður á beinu spori. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Hest sem er greinilega að skekkja eða halla höfðinu. Taka skal tillit til reiðmennsku við frádráttinn
- Byrjar á ytra stökki:
 - 0.0 innan tveggja skrefa með snyrtilegri leiðréttingu
 - 0.5 fyrir fyrstu beygju
 - 1.0 fyrir fyrstu langhlið
 - 1.5 fyrir miðju fyrstu langhliðar
 - 2.0 þarf á fyrstu langhlið að halda til leiðréttingarinnar

Draga má 2.0 frá fyrir:

- Einungis sýnt sem samsvarar einni langhlið

Sé sýnt minna en sem svarar einni langhlið er engin einkunn gefin.

Hækkun

Fyrir vel útfærða og glæsilega sýningu (mjög falleg reiðmennska, hlýðinn hestur) má hækka einkunn um 0,5.

➤ **Fjörgangs- og fimmgangshross eru dæmd á sömu forsendum!**

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

Fullkominn taktur

- Stökkið er uppávið (eins og hesturinn sé á leið upp brekku), hreyfingar háar með löngum skrefum, í mjög góðu jafnvægi, mýkt, við taum, reiðmennska framúrskarandi, fjaðrandi, áreynslulaust, „VÁ tilfinning“

8 og 8.5

Hreinn taktur

- Stökkið er uppávið, góðar, rúnnaðar hreyfingar, við taum, gott jafnvægi, frábær reiðmennska
- Mjúkt stökk í góðu jafnvægi með greinilegu svifi, við taum

Góð sýning

7 og 7.5

Hreinn taktur

- Mikið svif, frjálsglegur burður/form
- Vel undir stjórn, góður fótaborður framfóta, góður burður/form, svifi ábótavant
- Vel undir stjórn, uppávið, meðal fótaborður, við taum
- Gott svif, góð útfærsla og jöfn sýning, við taum, en ekki nógu mikið uppávið

Meðalsýning

6 og 6.5

- Lítilsháttar fjórtaktur, uppávið, góður burður/form
- Gott svif, góður fótaborður, en aðeins of hratt
- Hreinn taktur, meðal fótaborður og skreflengd, góður burður/form
- Stuttstígt stökk, ekki nægilega upp á við en vel undir stjórn og við taum
- Góðar hreyfingar og skreflengd, gott svif en burður/form of hátt

5 og 5.5

- Lítilsháttar fjórtaktur, undir stjórn, uppávið, frjálsglegt form
- Góður taktur, meðal hreyfingar, burður/form frjálsglegt
- Góðar hreyfingar og skreflengd, fjórtaktur, aðeins of hratt
- Gott svif en stuttstígt og á framhlutanum / liggur á taum

Tæplega meðalsýning

4 og 4.5

- Stöðugur greinilegur fjórtaktur; gengur að aftan
- Of hratt og vantar upp á samspil manns og hests
- Stirt stökk en með nokkuð hreinum takti
- Taktvandamál í beygjum
- Flatt eða mjög stuttstígt stökk

Gölluð sýning

1 til 3.5

- Skiptir oft um gangtegund, víxlar
- Skeiðborið stökk
- Hestur helst ekki stökki, einkum í beygjum
- Mikill fjórtaktur og máttlaust stökk, gengur að aftan
- Hestur mjög óhlýðinn, hálfrykur, togar í taum, kappreiðastökk
- Ekkert samþil milli manns og knapa
- Verulega undir bita
- Gróf reiðmennska (gult spjald)

0

Stökk ekki sýnt

- Stökk sýnt skemur en sem nemur einni langhlið (ekkert stökk, stokkið upp á rangan fót eða kýrstökk)

Skeið (hringvöllur)

Almennt

Skeið er yfirferðargangur með hliðstæðum fótstuðningi og svifi þess á milli. Skeið skal ríða á kappreiðahraða og svif skal vera auðsýnilegt. Í nánd við beygjuna sem er á kaflanum eftir miðju skammhliðar og upphafs langhliðar skal leggja hestinn fyrirhafnarlaust en af krafti af stökki á fljúgandi skeið. Á skeiði skal hesturinn auka hraðann og skeiða af öryggi alla leiðina án óhóflegra ábendinga frá knapa. Eftir skeiðið skal hestinum riðið í beygjuna á yfirvegaðan máta.

Vegalengd:

Skeið skal ná heilli langhlið á hringvelli eða merktri vegalengd á P-velli.

Dómur:

Dómurinn skal byggjast á heildarsvip sýningarinnar (allt frá byrjun þegar sett er upp á stökk og þangað til að hægt er niður í lokin) þar sem bæði gæði gangtegundarinnar og tæknileg útfærsla eru höfð til hliðsjónar.

Þættir sem geta haft jákvæð áhrif á dóminn:

- Hreinn taktur og góður fótaborður
- Vel útfærðar gangskiptingar og frábærlega riðinn skeiðsprettur
- Mikill hraði og kraftur
- Stöðugleiki (fleiri en ein vel heppnuð atrenna)

Þættir sem geta haft neikvæð áhrif á dóminn:

- Óhreinn taktur
- Lítið svif
- Gróf og/eða glannaleg reiðmennska, harðar leiðréttingar, óhóflegar taumábendingar og/eða hvatning frá fæti/písk
- Skortir kraft í niðurtöku á skeið
- Tekur of langan tíma að leggjast á hreint skeið
- Niðurtaka of snemma (hesti skal ekki riðið í gegnum beygju á skeiði)
- Hægir niður of snemma
- Skortur á hraða
- Stirðleiki, stutt skref
- Óstöðuleiki (aðeins ein vel heppnuð atrenna)

Fastur frádráttur

Þegar hestur er lagður á skeið fyrir miðju skammhliðar eða tekinn niður á skeið á réttum stað en af annarri gangtegun en stökki **skal draga 2,0 stig** af einkunn. Þegar hestur fer á kýrstökk eftir skeiðsprett **skal draga 1,0 – 2,0 stig** af einkunn. Ef það er umtalsverður munur milli bestu og næst bestu atrennu skal draga af

einkunn þeirrar betri. Ef einkunnin fyrir næst bestu atrennuna er 0,0 skal draga 2,0 af.

Ef að knapi fær gult spjald vegna grófrar reiðmennsku fyrir einhverja atrennu skal heildareinkunn fyrir skeið aldrei vera hærri en 3,5.

Sýna þarf að minnsta kosti hálf langhlið á hreinu skeiði til þess að geta fengið einkunn. Fyrir sprett sem er a.m.k. hálf langhlið en nær ekki að vera heil langhlið er hæsta mögulega einkunn 2,0.

SJÁ SKEMAMYND – FIMMGANGUR - TIL NÁNARI ÚTSKÝRINGA

Glæsileg sýning

9 til 10 (fullkomin sýning)

- Öruggt skeið, mjög hratt, stórstígt með góðu svifi, fyrirhafnarlaust, fullkominn sýning

8 og 8.5

